



Svæðisskipulagsnefnd SSA

Minnisblað

Fylgiskjal með fundargerð svæðisskipulagsnefndar SSA þann 2. september 2022

Vegna lokaafgreiðslu Svæðisskipulags Austurlands 2022-2044

Athugasemdir við auglýsta svæðisskipulagstillögu

Tillaga að Svæðisskipulagi Austurlands 2022-2044 var auglýst þann 7.7.2022 í samræmi við 24. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 15. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Athugasemdafrestur rann út þann 20.8.2022 og bárust athugasemdir eða ábendingar frá:

- Bryndísi Helgu Ólafsdóttur, dags. 22.7.2022
- Landsvirkjun, dags. 18.8.2022
- Landvernd, dags. 19.8.2022
- Minjasafni Austurlands og Tækniminjasafni Austurlands dags. 18.8.2022
- Minjastofnun Íslands, dags. 23.8.2022
- Samgöngufélaginu, dags. 19.8.2022
- Umhverfisstofnun, dags. 24.8.2022

Að neðan eru efnisatriði athugasemda/ábendinga dregin fram og settar fram tillögur að svörum við þeim. Athugasemdirnar eru endursagðar og styttaðar og er vísað í bréfin sjálf til að lesa frumtexta.

Efni athugasemda og tillaga að svörum við þeim

Bryndís Helga Ólafsdóttir gerir athugasemdir við að ekki virðist standa til að bæta þjónustu grunnskóla, grunnskólalóðir, leikskólalóðir og leiksvæði í Fjarðabyggð og þannig styðja við barnvænt samfélag. Einnig bendir bréfitari á að tryggja þurfi fjármagn og mannskap til þess að fylgja hugmyndum og verkefnum innan skólakerfisins eftir, og nefnir sem dæmi verkefni skóla án aðgreiningar, Olweusaráætlun gegn einelti, grænánann, uppeldi til ábyrgðar, heilsueflandi grunnskóla, Art og Sprett. Þá segir bréfitari að ef ekki standi til að styrkja grunnskólana á neinn hátt árin 2022-2044 þá leiði það til þess að fjölskyldufólk haldi áfram að hrekjast í burtu.

Tillaga að svari svæðisskipulagsnefndar:

Þrátt fyrir að barnvænt samfélag sé ekki ein af yfirskriftum/kaflaheitum svæðisskipulagstillögunnar, eru engu að síður markmið í tillögunni sem er ætlað að stuðla að góðu umhverfi og samfélagi fyrir börn. Sem dæmi er í 6. kafla um sterkt samfélag að finna markmið sem snúa að námi og nýsköpun í skólum, grunnsþjónustu og almennri heilsuefingu, til nánari útfærslu hjá hverju sveitarfélagi. Sama á við um stefnu um útivist og íþróttalíf í kafla 6.3 í svæðisskipulagstillögunni og stefnu um 15-mínútna bæi í kafla 3.1-A.

Aðal- og deiliskipulag gegna lykilhlutverki við framfylgd ofangreindra markmiða en einnig verður þeim fylgt eftir í öðrum stefnuskjölum hvers sveitarfélags fyrir sig í einstökum málaflökkum. Á síðari stigum kann að vera ákveðið að marka frekari svæðisbundna stefnu um mál sem snúa að börnum og verður henni þá fundinn staður innan þess ramma sem svæðisskipulagið setur, sbr. það sem fram kemur á bls. 6 og 7 í tillögunni um hlutverk svæðisskipulags og tengsl þess við aðrar áætlanir.

Landsvirkjun gerir ekki athugasemdir við svæðisskipulagstillöguna en bendir á að lagfæra þurfi tilvísun í markmið C.1 á bls. 7 í umhverfismatsskýrslu. Fyrirtækið tekur jafnframt fram að tillagan sé yfirgrípsmikil og vel unnin og að frágangur, framsetning og efnistöð séu til eftirbreytni.

Tillaga að svari svæðisskipulagsnefndar:

Í textanum sem vísað er til á að standa D.1 ís stað C.1 og verður textinn lagfærður.

Landvernd ítrekar fyrri athugasemdir sem koma fram í umsögn dags. 21.4.2022 um kynningartillögu.

Tillaga að svari svæðisskipulagsnefndar:

Farið var yfir umsögn Landverndar frá 21.4.2022, sem og aðrar umsagnir um kynningartillögu, á svæðisskipulagsnefndarfundum þann 28.4.2022 og þeim svarað. Nefndin vísar til fundargerðar þess fundar og ítrekar þau svör sem þar koma fram.

Minjasafn Austurlands og Tækniminjasafn Austurlands telja vanta betra samræmi og sterkari tengingu á milli markmiða og skýringa og ítreka því tvær tillögur sem komu fram í umsögn safnanna, dags. 19.4.2022, um kynningartillögu. Tillögur safnanna eru:

- Söfn fái sinn sess í lýsingunni á kafla 6.2 um listir og menningu þannig að orðinu „söfn“ sé bætt inn í lokasetningu hennar: „...menningarmiðstöðvar, söfn og menningarhátíðir verða eflar.“
- Markmiðið „Stuðlað verði að eflingu safna og safnastarfs“ verði gert að yfirmarkmiði í samræmi við markmið Ý.2 „Menningarmiðstöðvar eflist“.
- Eftirfarandi undirmarkmið verði sett undir yfirmarkmið um eflingu safna og safnastarfs: Viðurkennd söfn á Austurlandi verði efla og rekstur þeirra tryggður þannig að þau geti staðið vörð um menningararf svæðisins og sinnt af metnaði öllum grunnþáttum safnastarfs, þ.e. söfnun, varðveislu, skráningu, rannsóknum og miðlun. Þannig munu söfnin einnig eflast sem áhugaverðir og eftirsóknarverðir áfangastaðir og styrkjast sem fræðslustofnanir sem skólar á öllum skólastigum geti nýtt sér í kennslu.
- Stuðlað verði að því að söfn á Austurlandi geti varðveitt menningararf fjórðungsins með öruggum hætti með því að tryggja þeim viðunandi húsnæði sem uppfyllir kröfur um varðveislu menningarminja.

Tillaga að svari svæðisskipulagsnefndar:

Gerðar verða eftirfarandi lagfæringar á svæðisskipulagstillögunni:

- *Fremst í kafla 6.2, á bls. 110 í auglýstri tillögu, fellur yfirstrikaða orðið að neðan út og rauði textinn kemur í staðinn: „Rík áhersla verður lögð á aðlaðandi og lifandi umhverfi í bæjum sem bera blómstrandi menningunni vitni, menningarstofnanir miðstöðvar og menningarhátíðir verða eflar.“*
- *Markmið Ý.2 breytist úr „Menningarmiðstöðvar eflist“ í: „Menningarstofnanir eflist“.*

- Orðið menningarmiðstöðvar breytist í menningarstofnanir í eftirfarandi undirmarkmiði: Stuðlað verði að eflingu annarra menningarstofnana miðstöðva, t.d. með aukinni samvinnu þeirra innan landshlutans, við aðrar stofnanir miðstöðva innanlands og erlendis og með sameiginlegri öflun fjármagns frá ríki, sveitarfélögum, sjóðum og fyrirtækjum.“
- Undirmarkmiðið „Stuðlað verði að eflingu safna og safnastarfs“ breytist í „Viðurkennd söfn á Austurlandi verði eflað þannig að þau geti staðið vörð um menningararf svæðisins og sinnt af metnaði öllum grunnþáttum safnastarfs, þ.e. söfnun, varðveislu, skráningu, rannsóknum og miðlun.“
- Í skýringar við stefnu um menningarlíf bætist rauði textinn við og yfirstrikaði fellur út: „Söfnin varðveita menningararf svæðisins og er mikilvægt að húsnaði uppfylli kröfur til varðveislu minja. Söfnin rannsaka einnig menningararfinn ~~hann~~ og miðla niðurstöðunum til almennings með fjölbreyttum hætti.“

Minjastofnun Íslands vekur athygli á nokkrum ábendingum sem komu fram í umsögn stofnunarinnar um kynningartilögu í apríl 2022. Þær eru:

- Minjastofnun leggur til að í kafla É.3 verði sett fram markmið um samstarf við Minjastofnun Íslands um vernd og hagnýtingu menningarminja, sambærilegt því sem þar er sett fram um samstarf við Vatnajökulsþjóðgarð og Umhverfisstofnun.
- Minjastofnun leggur til að í kafla 3.3 verði hnykkð á tilliti til fornleifa og samráði við Minjastofnun samkvæmt lögum um menningarminjar.
- Stofnunin bendir á að nokkrar friðlýstar minjar vantar á kort á bls. 49 sem sýnir ýmsa minjastaði.
- Stofnunin telur að kaflinn um sögu og minjar sé ekki nógu skýr þegar kemur að lagaákvæðum um menningarminjar og samráði við Minjastofnun í tengslum við alla nýtingu á menningarminjum. Hnykkja þurfi á þeim atriðum.

Tillaga að svari svæðisskipulagsnefndar:

Fyrir mistök skiluðu lagfæringar á kafla 3.3 sér ekki inn í tillögu til auglýsingar og verða eftirfarandi lagfæringar gerðar nú:

- Í undirmarkmið É.3 um Vatnajökulsþjóðgarð bætist rauði textinn við: „Unnið verði að því að efla samvinnu sveitarfélaga við þjóðgarð, og við Umhverfisstofnun og Minjastofnun eftir því sem við á, um skipulag svæðanna, hagnýtingu tækifæra og uppbyggingu innviða í þágu náttúruverndar, minjaverndar? útivistar og ferðaþjónustu.“
- Í undirmarkmiði É.6 bætist rauði textinn við: „Friðlýsingu samkvæmt lögum um náttúruvernd og lögum um minjavernd eða hverfisvernd aðalskipulags, verði beitt eftir aðstæðum, til að vernda svæði sem þykja verðmæt.“
- Í skýringar við stefnu um landslagsgerðir og verndarsvæði á bls. 43 í auglýstri tillögu bætist rauði textinn við: „Menningar- og búsetulandslag telst til menningarminja samkvæmt lögum um þær og í Landslagssamningi Evrópu sem tók gildi á Íslandi árið 2020 er lögð áhersla á að landslagssjónarmið séu tvinnuð inn í stefnu á öllum sviðum samfélags og að unnið sé að því að auka vitund um gildi og gæði landslags, m.a. með landslagsgreiningu.“
- Kort á bls. 49 verður lagfært m.t.t. friðlýstra minja.
- Í skýringar við stefnu um minjar og sögu bætist rauði textinn við: „Til verndar menningararfi þarf að fyrirbyggja að álag valdi raski eða skemmdum. Einnig þarf að



huga að því að lagfæra spjöll sem orðið hafa. Þá þarf leyfi Minjastofnunar Íslands ef hrófla á við fornleifum en stofnunin getur jafnframt leiðbeint um hverskonar hagnýtingu menningarminja.“

Jónas B. Guðmundsson, f.h. Samgöngufélagsins, sendir hugleiðingar varðandi Fjarðarheiðargöng og telur að gerð 13,3 km ganga undir Fjarðarheiði sé ekki vænlegasti kosturinn til að rjúfa vetrareinangrun Seyðisfjarðar út frá kostnaði og tiltölulega litlum ávinningi miðað við aðra kosti. Bréfitari bendir á að annar hagkvæmari kostur ætti að koma vel til álitna a.m.k. sem fyrsta skref, þ.e. gerð tvennra ganga milli Seyðisfjarðar og Norðfjarðar um Mjóafjörð. Nota megi tímann sem gerð þeirra ganga tæki til að huga að því hvort Fjarðarheiðargöng eða hugsanlega um 9 km göng milli Mjóafjarðar og Héraðs henti betur. Bréfitari tilgreinir síðan helstu kosti við að ráðast fyrst í gerð tvennra ganga milli Seyðisfjarðar og Norðfjarðar um Mjóafjörð og snúast þeir um:

- Örugga og greiða heilsársleið
- Meiri styttingu á milli þéttbýlisstaða
- Hringtengingu milli þéttbýlisstaða og styttingu lengstu leiðar á milli þéttbýlis um 10 km
- Aukna möguleika í Mjóafirði
- Lægri kostnað
- Færð á Fjarðarheiði
- Þjónustu sem er fyrir hendi í Neskaupstað
- Lengd ganga og ferðatíma um þau
- Viðhald/framtíð vegar um Fjarðarheiði

Bréfitari bendir á að það skipti máli fyrir alla vegfarendur hvaða ákvarðanir verða teknar um gerð næstu jarðganga í fjórðungnum, ekki síst þá sem e.t.v. þurfa að greiða gjald til að aka um önnur göng, og raunar þjóðarbúið allt þar sem um mikla fjárfestingu sé að ræða.

Þá bendir bréfitari á að áformuð Fjarðarheiðargöng geti haft mikil áhrif á röðun framkvæmda við jarðgöng í næstu framtíð og alls óvíst hvort ráðist verði í frekari jarðgangagerð á Austurlandi í bráð.

Samgöngufélagið hvetur sveitarfélögin á Austurland til að íhuga valkosti vel áður en ráðist verður í framkvæmdir. Forsendur séu síbreytilegar.

Þá bendir félagið á að það eðlilegt sé að líta til afstöðu eða vilja íbúa hverju sinni og vekur athygli á skoðanakönnun sem Gallup vann fyrir Samgöngufélagið í mars 2020 meðal íbúa á Miðausturlandi um afstöðu til næstu vegganga. Þar kusu flestir að fyrst yrði ráðist í gerð tvennra ganga milli Seyðisfjarðar og Norðfjarðar. Vísað er til vefs Samgöngufélagsins, www.samgongur.is, Þá er þess getið að fljótlega sé áformað að ráðast í gerð nýrrar könnunar um viðhorf þátttakenda innan og utan Austfjarða til þess hvaða göng á Miðausturlandi þeir telja rétt að ráðast í næst.

Tillaga að svari svæðisskipulagsnefndar:

Svæðisskipulagið markar þá stefnu að uppbygging og viðhald vegakerfis miði að því að það taki að hámarki 60 mínútur að aka frá smærri þéttbýlisstöðunum að einum af fjórum stærstu þéttbýlisstöðunum á Austurlandi. Í þeim tilgangi verði lögð áhersla á að byggja Fjarðarheiðargöng, Seyðisfjarðargöng og Mjóafjarðargöng með það að markmiði að hringtengja miðsvæði Austurlands. sbr. markmið Á.1 og Á.2 og skýringarmynd á bls. 24 í auglýstri tillögu. Hringtengingin miðar að því að Austurland verði eitt vinnusóknarsvæði, sbr.

einnig skýringar við stefnu um byggðarmynstur á bls. 22 og stefnu í atvinnumálum í kafla 4.0. Stefnan miðar jafnframt að því að rjúfa vetrareingrun, bæta öryggi íbúa og möguleika til að sækja nám, félagsstarf og menningarviðburði innan svæðisins allan ársins hring, sbr. einnig stefnu svæðisskipulagsins í þeim málaflokkum í köflum 5.0 og 6.0.

Framangreind stefna er í samræmi við Samgönguáætlun 2020-2034 sem aftur byggir á sýn sem Samband sveitarfélaga á Austurlandi hefur ályktað um á liðnum árum, sbr. tilvísanir í heimildir á 26-27 í auglýstri tillögu.

Undirbúningur Fjarðarheiðarganga er í formlegu ferli samkvæmt skipulagslögum og lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Umhverfisstofnun lét vita með tölvupósti þann 24.8.2022 að stofnunin hefði ekki frekari ábendingar að svo stöddu en þær sem komu fram í umsögn um kynningartillögu í apríl 2022. Stofnunin bauð jafnframt frekari upplýsingar ef óskað er.

Tillaga að svari svæðisskipulagsnefndar:

Farið var yfir umsögn Umhverfisstofnunar frá 22.4.2022, sem og aðrar umsagnir um kynningartillögu, á svæðisskipulagsnefndarfundi þann 28.4.2022 og þeim svarað. Nefndin vísar til fundargerðar þess fundar og ítrekar þau svör sem þar koma fram.

Bókun nefndar um lokaafgreiðslu svæðisskipulags

Tillaga að Svæðisskipulagi Austurlands 2022-2044 var auglýst þann 7. júlí 2022 í samræmi við 24. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 15. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Athugasemdafrestur rann út þann 20. ágúst 2022 og bárust athugasemdir frá sjö aðilum:

- *Bryndísi Helgu Ólafsdóttur, dags. 22.7.2022*
- *Landsvirkjun, dags. 18.8.2022*
- *Landvernd, dags. 19.8.2022*
- *Minjasafni Austurlands og Tækniminjasafni Austurlands dags. 18.8.2022*
- *Minjastofnun Íslands, dags. 23.8.2022*
- *Samgöngufélaginu, dags. 19.8.2022*
- *Umhverfisstofnun, dags. 24.8.2022*

Svæðisskipulagsnefnd hefur fjallað um athugasemdirnar og samþykkt umsögn um þær samkvæmt. 1. mgr. 25. gr. skipulagslaga, 16. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. minnisblað sem fylgir þessari fundargerð. Í 8. kafla svæðisskipulagsins er skýrt hvernig umhverfissjónarmið hafa verið felld inn í áætlunina með hliðsjón af umhverfismatsskýrslu, sem er fylgiskjal með svæðisskipulaginu.

Svæðisskipulagsnefnd leggur til að sveitarstjórnir sveitarfélaganna fjögurra á Austurlandi, samþykki afgreiðslu nefndarinnar og samþykki svæðisskipulagið og umhverfismatsskýrsluna með þeim lagfæringum sem lýst er í framangreindu minnisblaði. Afgreiðslan sendist til nefndarinnar.

Þegar sveitarstjórnir hafa samþykkt svæðisskipulagið sendir svæðisskipulagsnefnd svæðisskipulagstillöguna til Skipulagsstofnunar ásamt athugasemdum við auglýsta tillögu og umsögnum svæðisskipulagsnefndar um þær. Jafnframt auglýsir svæðisskipulagsnefnd



niðurstöðu sína og sendir þeim aðilum sem gerðu athugasemdir umsögn sína um þær. Skipulagsstofnun skal innan fjögurra vikna frá því að tillaga að svæðisskipulagi barst henni staðfesta svæðisskipulagstillögunu og auglýsa hana í B-deild Stjórnartíðinda. Svæðisskipulagið tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af hlutaðeigandi sveitarstjórnnum, hlotið staðfestingu Skipulagsstofnunar og verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.